

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag íbúðabygðar við Klettaberg, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 8. desember 1998 breytingu á deiliskipulagi íbúðarbygðar við Klettaberg, samþykkt 29. desember 1995.

Breytingin felst í því, að í stað fjögurra þriggja hæða parhúsa með 8 íbúðum alls að Klettabergi 26-40, komi fjögur þriggja hæða fjölbýlishús með 16 íbúðum alls. Fjögurra hæða stallað tvíbýlishús að Klettabergi 66 verði fellt niður og lóðinni bætt við almennt grænt svæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 29. desember 1995.

22. desember 1998.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag íþrótta- og útivistarsvæðis Hauka á Ásvöllum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 13. október 1998 deiliskipulag íþrótta- og útivistarsvæðis Hauka á Ásvöllum.

Á svæðinu, sem liggur við Ásbraut, er gert ráð fyrir íþróttahúsi, sundlaug, vallahúsi, söluturni og æfingasvæðum utanhúss.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

22. desember 1998.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðhverfis Setbergs, vegna Staðarbergs 6, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 24. nóvember 1998 breytingu á deiliskipulagi miðhverfis Setbergs.

Breytingin felst í því að byggingunni að Staðarbergi 6 er breytt úr íbúðarhúsi í heilsdagsskóla.